

spor áfram er hún lét reykelsisbrenslu koma í stað brenslu nauta og dúfna; en ennþá lifir, ekki aðeins í kenningum, heldur einnig í síðum kristnu kyrkjunar grundvallarhugmynd friðþægingar fórnarinnar. Það verður stórkostleg framför ef kristindómur tuttugustu aldarinnar verður hreinsaður af öllum þessum leyfum villmannlegra og óupplýstra trúarskoðanna, vegna þess að þær bera vott um svo lága guðshugmynd.

(6) Trúarbrögð framtíðarinnar munu ekki viðhalda hinum hebresku jarðbundnu skoðunum á guði, skoðunum sem að mestu leyti voru teknar inn í kyrkjukristnina. Samkvæmt þeim verður guð ekki stór og dýrðlegur maður er gengur "í aldingarðinum í kveldsvalanum", eða dómari, sem sker úr deilum manna, eða konungur eða keisari, sem stjórnar þegnum sínum samkvæmt eigin vilja, eða ættfaðirinn, sem fyr á öldum réði yfir fjölskyldunni með ótakmörkuðu valdi. Þessar mannlegu framkvæmdir munu hætta að gefa fullnægjandi hugmyndir um eiginleika guðs. Nítjándi öldin hefir gert allar þessar hugmyndir um guddóminn fornfálegar og grófar.

(7) Trúarbrögð framtíðarinnar verða ekki drungaleg, meinþetafull eða formælandi. Þau munu ekki snúast um sorg og dauða, heldar gleði og líf. Í þeim verður ekki eins mikið reynt að útskýra hið illa og ljóta í heiminum og hið góða og fagra. Í þeim verður engin trú á ill öfl, hvorki á Satan eða á norrni, hvorki á hið bölþrungna augnaráð eða á illviljandi innblástur. Þegar lærisveinn þeirra mætir einhverju röngu og illu, þá mun hann finna hvöt hjá sér til að finna uppruna þess, uppsprettu eða orsök, til þess að geta veitt því atfór á byrjunarstigi þess. Hann brýtur máske ekki heilann um upphaf hins illa í heild sinni, en hann mun vissulega reyna að útrýma því illa og ranga í sérstökum myndum, sem hann hefir orðið var við.

(Framhald)

